

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Eilífðarmyndir musterisspeglanna: Vitnisburður um fjölskylduna

Öldungur Gerrit W. Gong
af hinum Sjötú

Kæru bræður og systur, þegar sonur okkar var í trúboðsskólanum í Provo, sendi systir Gong nýbakað brauð til hans og trúboðsfélaga hans. Hér eru sum þakkarorðin sem systir Gong fékk frá trúboðum. „Systir Gong, brauðið þitt bragðaðist sem væri það að heiman.“ „Systir Gong, ég segi bara vá. Brauðið er það besta sem ég hef fengið síðan ég borðaði af gómsætum réttum móður minnar.“ En þetta finnst mér best: „Systir Gong, brauðið var frábært. Síðan hélt hann áfram og sagði í gríni „Hafðu mig í huga ef samband þitt og herra Gongs gengur ekki upp.“

Okkur þykir vænt um trúboðana okkar – hvern öldung, hverja systur og hver hjón. Við erum öll eilíflega þakklát þeim sérstaka trúboða sem fyrst færði fjölskyldu okkar hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists. Ég ber þakklátur vitni um að eilíf yfirsýn trúar á fagnaðarerindið og musterissáttmála getur hjálpað okkur að sjá ríkulegar blessanir í sérhverri kynslóð okkar ævarandi fjölskyldu.

Sú sem snerist fyrst í Gong-fjölskyldunni til trúar á Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu var móðir okkar, Jean Gong. Þegar hún var unglíngur í Honolulu, Hawaii, lagði hún við hlustir; hún vissi; hún var skírð og staðfest; hún er áfram trúföst. Trúfastir kirkjumeðlimir hjálpuðu móður minni og gættu þess að hún ætti vini í trúnni, hefði kirkjukallanir og yrði stöðugt nærð af orði Guðs. Á nútíma máli mun hver nýr trúskiptingur, hver fullvaxta og einhleypur, hver sem verður á ný virkur í kirkjunni og aðrir, verða kynslóðunum til blessunar þegar þau verða samþegnar hinna heilögu og heimamenn Guðs.¹

Fjölskylda Gerrit de Jong yngri var ein af þeim sem önnuðust móður mína. Afi De Jong, mikill málamaður sem unni máli hjartans og andans, örvaði ímyndunarafl mitt þegar ég var drengur með því að segja: „Brómber eru græn þegar þau eru rauð.“ Ég segi við unga vini mína er ég skírskota til rafrænna samskiptatækja okkar tíma: „Brómber sem lesin eru í kirkju, gera græna eða nýja biskupa bláa eða dapra.“

Foreldrar mínir, Walter og Jean Gong, giftust þrisvar sinnum – með kínverskri athöfn fyrir fjölskylduna, amerískri athöfn fyrir vinina; og helgiathöfn í húsi Drottins um tíma og eilífð.

Börnin í Barnafélaginu synja: „Ég má í æsku minni til musterisins gá.² Æskufólk okkar skuldbindur sig til að „taka á móti helgiathöfnum musterisins.“³

Nýverið var ég í húsi Drottins með verðugum hjónum, sem þar voru til að taka á móti blessunum með sáttmála. Ég bauð þeim að láta fyrstu hveitibrauðsdaga sína vara í 50 ár, og síðan að hefja aðra hveitibrauðsdaga sína að 50 árum liðnum.

Ég horfði í spegla musterisins með þessum dásamlegu hjónum – spegla hvor á móti öðrum á andstæðum veggjum. Saman sýna speglar musterisins endalausar spegilmyndir sem virðast ná inn í eilífðina.

Óendanlegar spegilmyndirnar í musterinu minna okkur á að sérhver mannvera hafi „guðlegt eðli og örlög“; að „helgiathafnir og sáttmálar í heilögum musterum geri mönnum mögulegt að komast aftur í návist Guðs og fjölskyldum að sameinast að eilífu“⁴ og að við getum veitt börnum okkar rætur og vængi með því að þroskast saman í kærleika og trúfestu.

Í eilífðarmynd musterisspeglanna sá ég fyrir mér Dragon Gong fyrsta, sem fæddur var 837, e.Kr. (í síðara Tang-keisaraveldinu) í Suður-Kína, og Gong kynslóðirnar sem frá honum komu, allt til föður míns, en fjölskylda okkar er 32. í röðinni frá honum. Bróðir minn, systir mín og ég tilheyrum 33. kynslóðinni; synir mínir og frændur þeirra tilheyra 34. kynslóðinni; og barnabarn okkar tilheyrir 35. Gong kynslóðinni. Í eilífðarmynd musterisspeglanna sá ég hvorki upphaf né endi kynslóða.

Ég sá þar ekki aðeins fyrir mér röð kynslóða, heldur einnig óendanlega tengingu fjölskyldusambanda. Öðru megin sá ég sjálfan mig sem son, barnabarn, barnabarnabarn, aftur til Dragons Gong fyrsta. Í hinum speglinum sá ég mig sem föður, afa, langafa. Ég sá eiginkonu mína, Susan, sem dóttur, barnabarn, barnabarnabarn og hinu megin sem móður, ömmu og langömmu.

Í eilífðarmynd musterisspeglanna tók ég að skilja eiginkonu mína og mig sjálfan sem börn foreldra okkar og foreldra barna okkar, sem barnabörn afa okkar og ömmu og sem afa og ömmu barnabarna okkar. Stórkostlegustu lexíur jarðlífsins drjúpa á sálir okkar er við lærum og kennum í okkar eilífu hlutverkum sem barn og foreldri, foreldri og barn.

Ritningarnar segja að frelsari okkar sé bæði „faðirinn og sonurinn.“⁵ Frelsarinn tók sér bólfestu í holdinu, lét það lúta vilja föðurins, og því veit hann hvernig á að liðsinna okkur, fólki sinu, í þjáningum okkar, raunum, freistingum, sjúkdómum og jafnvel dauða.⁶ Þar sem hann hefur stigið neðar öllu,⁷ megnar hann að bera sorgir okkar og harmkvæli. Frelsarinn var særður vegna okkar synda og fyrir hans benjar urðum við heilbrigð.⁸

Á stórþingi himins leitaðist frelsarinn aðeins eftir því að gera vilja föðurins. Þessi fyrirmynd föður og sonar auðveldar okkur að skilja þversögnina: „Sá sem týnir lífi sínu mín vegna, finnur það.“⁹ Heimurinn er sjálfmiðaður og eigingjarn. Þó höfum við ekki kraft til að frelsa okkur sjálf. En hann hefur máttinn til þess. Aðeins friðþæging frelsarans, sem er óendanleg og eilíf¹⁰, nær út fyrir tíma og rúm, til að vinna bug á dauða, reiði, biturð, ósannngirni, einmanaleika og sorgum.

Stundum fer allt úrskeiðis, jafnvel þótt við höfum gert okkar allra besta. Lambið saklausa og hreina, frelsari okkar, grætur með og yfir okkur. Þegar við höfum hann ávallt í huga¹¹, megnar hann að standa með okkur „alltaf, í öllu og allsstaðar, hvar sem [við kunnum] að vera.“¹² Trúfesta hans er sterkari en bönd dauðans.¹³ Frelsarinn leiðir okkur einnig til föðurins á himnum er hann laðar okkur að sér. Þótt sumt sé ófullkomið á jörðunni, getum við reitt okkur á að himneskur faðir ljúki sinni „endurlausnaráætlun, í guðlegum samhljómi réttlætis, kærleika og miskunnar.“¹⁴

Undrið sem við sjáum í eilífðarmynd musterispeglanna er að hún getur breyst – við getum breyst. Þegar Jean og Walter Gong tóku á sig hinn nýja og ævarandi sáttmála, luku þau upp dyrum að innsiglu fyrir ættmenni eins og Dragon Gong fyrsta, og fyrir niðjana, til að fæðast í sáttmálanum. Munið eftir þessu: Þegar við náum til einhverrar systur eða bróður, blessum við kynslóðir.

Heimurinn er í uppnámi¹⁵ en í hinni einu sönnu og lifandi kirkju¹⁶ er trú og óttaleysi. Ég ber einnig hátíðlega vitni með orðum Páls postula: „Því að ég er þess fullviss, að hvorki dauði né líf, ... hæð né dýpt, né nokkuð annað skapað muni geta gjört oss viðskila við kærleika Guðs, sem birtist í Kristi Jesú Drottinu vorum.“¹⁷ Ég vitna auðmjúkur: Guð lifir. Hann mun þerra hvert tár af augum okkar¹⁸ – nema gleðitárin sem koma er við sjáum eilífðarmynd musterispeglanna og finnum okkur heima, hrein og flekklaus, kynslóðir okkar innsiglaðar í kærleika með valdi prestdæmisins, og við hrópum: „Hósíanna, hósíanna, hósíanna“. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá Ef 2:19.

2. „Musterið,“ *Barnasöngbókin*, 99.
3. „Þema Stúlknafélagsins,“ *Eigin framþróun Stúlknafélagsins: Standa sem vitni Guðs*, (bæklingur, 2009), 3.
4. Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996, 10.
5. Sjá Mósía 15:2.
6. Sjá Alma 7:11–12.
7. K&S 88:6; sjá einnig K&S 122:5–8.
8. Jes 53:5.
9. Matt 10:39.
10. Sjá Alma 34:14.
11. Sjá K&S 20:77, 79.
12. Mósía 18:9.
13. Sjá K&S 121:44.
14. „Þá ást og visku veitti hann,“ *Sálmar*, 69.
15. Sjá K&S 45:26; 88:91.
16. Sjá K&S 1:30.
17. Róm 8:38–39.
18. Op 21:4.